

Vesturbyggð,
Aðalstræti 75, Patreksfjörður
vesturbyggd@vesturbyggd.is

Reykjavík, 27. október 2021
UST202110-261/P.B.S.
09.04.03

Efni: Stjórnunar- og verndaráætlun Látrabjarg

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Stjórnunar- og verndaráætlun er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess.

Látrabjarg var friðlýst sem friðland í mars árið 2021. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstætt lífríki Látrabjargs og búsvæði fugla og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og landslagi. Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar. Umhverfisstofnun hefur nú hafið undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg.

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð áætlana eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Helsta hlutverk samstarfshópsins er meðal annars að koma upplýsingum áfram til sveitarstjórnar/annarra landeigenda, funda reglulega um gerð áætlunarinnar, koma með ábendingar og athugasemdir í ferlinu og lesa yfir drög fyrir kynningarferli.

Umhverfisstofnun hefur gefið út leiðbeiningar varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana, undir heitinu *Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar*, sem hafðar verða til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar. Leiðbeiningarnar má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar. Sjá má stjórnunar- og verndaráætlanir sem hafa verið gefnar út, eru í kynningarferli og í vinnslu á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir samstarfi við sveitarfélagið Vesturbyggð og að það tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar. Þegar tilnefningar hafa borist í samstarfshópinn mun Umhverfisstofnun boða til fundar.

Nánari upplýsingar gefa Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir í síma 591 2000 eða í gegnum netföngin: thordiss@umhverfisstofnun.is og eddak@umhverfisstofnun.is. Vinsamlegast svarið erindi Umhverfisstofnunar í síðasta lagi 17. nóvember 2021 á netfangið thordiss@umhverfisstofnun.is.

Virðingarfyllst,

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur
Þórdís Björt Sigþórsdóttir
teymisstjóri